

Góður skólabragur tengist skólareglum.

Flestir nemendur leitast við að hegða sér vel í skóla en samt sem áður er nauðsynlegt að allir nemendur þekki þær leikreglur sem gilda í skólasamfélaginu. Góð hegðun nemanda er samofin skólareglum sem gilda í skólanum.

Góð hegðun nemanda í skóla:

- Mætir stundvíslega í skólann, hefur það meðferðis sem honum ber og kemur vel undirbúinn.
- Vandar öll vinnubrögð og frágang á verkefnum.
- Fer vel með skólagögn og verðmæti sem honum er trúað fyrir.
- Gengur vel um skólann sinn og umhverfi hans.
- Hlýðir fyrimælum og virðir verkstjórnarhlutverk starfsmanna.
- Virðir skólareglur og aðrar samskiptareglur sem gilda í skólanum.
- Leitast við að hafa stjórn á eigin hegðun, bæði í orðum og gjörðum.
- Er tillitssamur og gerir sér far um að setja sig í spor annarra.
- Leitast við að leysa úr ágreiningi sem upp kann að koma af skynsemi og án ofbeldis.
- Virðir eignarrétt annarra.
- Virðir það að línuskautar, reiðhjól, vespur, hlaupahjól og hjólabretti eru bönnuð á skólalóð á skólatíma.
- Notar ekki gsm síma né önnur fjarskipta og hljómtæki í kennslustundum án leyfis kennara.

Óviðeigandi hegðun nemanda er þegar:

Nemandi hegðar sér ekki í samræmi við skólareglur og almennar kurteis- og samskiptareglur.

Nemandi veldur með hegðun sinni truflun á skólastarfi og/eða vanlíðan hjá öðrum nemendum eða starfsfólki.

Ferli atburða og viðurlög ef út af bregður vegna hegðunar

- Viðkomandi kennari aðvarar nemanda einslega og lætur umsjónarkennara vita.
- Brjótí nemandi ítrekað eða alvarlega gegn skólareglum, ræðir kennari og/eða umsjónarkennari við nemanda og foreldra/forráðamenn.
- Ef enn situr við það sama vísar viðkomandi umsjónarkennari málinu til deildarstjóra sem kallar nemanda og foreldra/forráðamenn á fund um málið. Umsjónarkennari upplýsir Nemendaverndarráð um málið.
- Sé ástandið enn óviðunandi er málinu vísað til skólastjóra sem kallar nemanda og foreldra/forráðamenn á fund, þar sem farið er yfir málið og reynt að finna lausn.
- Reynist viðleitni skólastjóra árangurslaus er málinu vísað til fræðsluyfirvalda. Við þessar aðstæður er heimilt að vísa nemandanum úr skóla á meðan tekið er á málefnum hans.

- Foreldrar/forráðamenn eru látnir vita um öll alvarleg eða ítrekuð brot og þau unnin í samvinnu við þá. Í samræmi við ákvæði laga um stjórnýslu er nemandanum og forráðamönnum tryggður andmælaréttur og viðurlög taki mið af jafnræðisreglu og meðalhófsreglu.

Reglur um eigin búnað, síma og snjallúr

- Nemendur Snælandsskóla fá spjaldtölvu til notkunar í skólastarfinu.
- Allur eigin búnaður nemenda er á þeirra ábyrgð og er skólinn ekki tryggður fyrir áföllum sem hann kann að verða fyrir.
- Fyrirmæli kennara skipta öllu máli þegar kemur að notkun á snjalltækjum og eigin búnaði í skólanum. Nemendum ber undantekningalaust að fara eftir fyrirmælum kennara.
- Nemendur gæti þess að sýna kennurum sínum og skólasystkinum virðingu og trufla ekki með símhringingum eða skilaboðum.
- Notkun síma er óheimil í öllum prófum.
- Snjallúr eiga ekki að sjást á skólatíma og er mælt til þess að þau séu skilin eftir heima.
- Ekki má taka síma upp í kennslustund án leyfis kennara.
- **Öll upptaka í kennslustundum og spilun á ósiðlegu efni, klámi eða ofbeldi er að sjálfsögðu óheimil.**

Viðurlög við brotum á reglum um eigin búnað, síma og snjallúr

- Brjóti nemandi reglur um notkun á eigin búnaði, síma eða snjallúri getur kennari tekið tækið og geymt til loka kennslustundar eða skóladags.
- Hlýði nemandi ekki fyrirmælum kennara má vísa honum út úr kennslustund. Kennari upplýsir foreldra.